

Árið 2026, fimmtudaginn 6. ágúst kl. 15:00, er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal á TEAMS, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Steinari Þór Guðgeirssyni og Jóhannesi Albert Sævarssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 3/2026

KM

gegn

RB

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

DÓMUR:

I

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Steinar Þór Guðgeirsson og Jóhannes Albert Sævarsson.

Hinn kærði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 2. júní 2026, þar sem áfrýjanda RB var gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- til KSÍ vegna háttsemi forystumanns sem var í leikbanni í leik RB gegn KM í 5. deild karla þann 18. maí 2026.

Báðir málsaðilar hafa áfrýjað úrskurði aga- og úrskurðarnefndar. Áfrýjun RB barst skrifstofu KSÍ þann 4. júní sl. þar sem áfrýjandi lýsir því yfir að engar reglur hafi verið brotnar.

Áfrýjun KM barst skrifstofu KSÍ einnig þann 4. júní sl. þar sem gerðar eru eftirfarandi kröfur:

Að fjársekt RB verði felld niður eða henni breytt í íþróttaleg viðurlög og að úrslit leiksins verði skráð 0-3 KM í vil.

II

Með hinum kærða úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var áfrýjanda RB gert að greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- vegna háttsemi forystumanns síns, Hamid Dicko, í umræddum leik. Háttsemin fólst í þátttöku í leiknum, m.a. með því að fara inn á leikvöll í hálfleik í því skyni að ræða við dómara leiksins, þrátt fyrir að hafa verið í leikbanni í umræddum leik.

Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls KSÍ öllum úrskurðum aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum sbr. gr. 17.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og gr. 4.1 í reglugerð KSÍ um áfrýjunardómstól KSÍ. Á því áfrýjun undir dómstólinn eins og atvikum er hér háttað.

III

Báðir málsaðilar hafa áfrýjað málinu fyrir sitt leyti. Af lestri áfrýjunar RB má leiða að krafa sé gerð um að sekt samkvæmt úrskurði aga- og úrskurðarnefndar verði felld úr gildi. Áfrýjandi KM gerir þá kröfu í áfrýjun sinni að fjárhagsleg sekt á RB verði felld niður eða henni breytt í íþróttaleg viðurlög, og að úrslit leiksins verði skráð 3-0 KM í vil í samræmi við grein 36.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Málsástæður RB:

Áfrýjandi RB byggir á því að Hamid Dicko hafi óskað sérstaklega eftir leyfi dómara áður en hann gekk inn á leikvöllinn í því skyni að ræða við hann um reglur sem gilda þegar bolti fer í loft knattshallar. Áfrýjandi RB kveður dómara hafa vitað af leikbanni viðkomandi og að hann hafi ekki meinað honum að nálgast sig. Þá kveður áfrýjandi að Hamid Dicko hafi ekki verið að þjálfa eða gefa leiðbeiningar á meðan á leik stóð heldur hafi hann verið meðal áhorfenda, ekki á leikskýrslu, ekki inni í klefa liðsins í hálfleik og ekki sinnt neinum verkum þjálfara.

Málsástæður KM:

Áfrýjandi KM byggir á 36. gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót þar sem segir að félag sem notar leikmann, þjálfara eða forystumann í leikbanni teljist hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3. Áfrýjandi KM kveður hinn kærða úrskurð fela í sér viðurkenningu á sök og að sýnt hafi verið fram á ólöglega þátttöku einstaklings í leiknum. Á því er byggt að niðurstaða hins kærða úrskurðar skilji KM eftir án þess að leiðrétting fari fram á því óréttlæti sem átti sér stað. Vísar áfrýjandi til þess að fjársekt renni til KSÍ en að ólögleg úrslit standi óbreytt. Þetta kveður áfrýjandi ganga gegn grundvallarsjónarmiðum um sanngirni í íþróttum. KM bendir á að það hafi aldrei verið vilji félagsins að refsa öðru aðildarfélagi með fjársekt og telur miður að það hafi verið niðurstaðan í stað íþróttalegra viðurlaga. Að lokum vísar áfrýjandi til annars máls innan KSÍ þar sem sektum var beitt vegna ólöglegs leikmanns.

IV

Dómurinn hefur yfirfarið öll gögn málsins. Með vísan til gagna og greinargerða aðila er óumdeilt og ágreiningslaust í málinu að Hamid Dicko hafi gengið inn á leikvöllinn í hálfleik í því skyni að ræða við dómara leiksins. Þá er jafnframt óumdeilt og ágreiningslaust að í umræddum leik var viðkomandi í leikbanni.

Samkvæmt gr. 36.1 gr. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót segir m.a.:

„Lið, sem mætir ólöglega skipað til leiks og félag sem notar leikmann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar.“

Að mati dómsins verður ákvæðið ekki skilið á annan veg en að til þess að lið teljist hafa tapað leiknum þarf að mæta með ólöglega skipað lið til leiks, þ.e. tefla þarf fram ólöglegum leikmanni. Félag sem notar þjálfara eða forystumann í leikbanni skal á hinn bóginn aðeins sæta sektum og

viðkomandi aðili frekara leikbanni líkt og kemur fram í 2. málsl. Þegar af þeirri ástæðu er kröfu KM um að úrslit leiksins verði breytt hafnað.

Líkt og greinir hér að framan og sjá má af fyrirbyggjandi gögnum er óumdeilt að Hamid Dicko gekk inn á leikvöllinn í hálfleik í því skyni að ræða við dómara leiksins. Samkvæmt gr. 13.7 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál kemur fram að:

„Þjálfari, starfsmaður eða forystumaður sem tekur út leikbann og mætir á leikstað skal vera meðal áhorfenda frá og með einni klukkustund fyrir leik. Frá þeim tíma og á meðan leik stendur er viðkomandi þjálfara, starfsmanni eða forystumanni;

a) óheimilt að vera á leikvöllinum, í boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem viðkomandi getur verið í tengslum við lið sitt, og

b) óheimilt að vera í samskiptum við eða hafa samband við einstaklinga tengdum leik, sér í lagi leikmenn og starfsfólk liðsins.

Eftir leik er þjálfara, starfsmanni eða forystumanni í leikbanni óheimilt að taka þátt í blaðamannafundi eða hvers konar umfjöllun eða fjölmiðlastarfsemi á leikvangi í tengslum við leik sem leikbannið tekur til. “

Umræddur aðili er skráður forystumaður RB í móttakerfi KSÍ og hefur með háttsemi sinni gerst brotlegur við framangreint ákvæði. Það hvort að dómari leiksins hafi veitt leyfi fyrir samtalinu eða svarað viðkomandi hefur ekki áhrif, enda er ákvæðið skýrt um að forystumanni í leikbanni er óheimilt að vera á leikvöllinum, í boðvangi, í búningsherbergjum eða annars staðar þar sem viðkomandi hefur verið í tengslum við lið sitt og jafnframt er skýrt að honum er óheimilt vera í samskiptum við einstaklinga sem tengjast leiknum.

Með vísan til framangreinds er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um brot forystumanns RB staðfestur. Með hliðsjón af framangreindu, eðli og umfangi brota fyrirsvarsmanns áfrýjanda RB og atvikum máls að öðru leyti er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin kr. 75.000.

Dómsorð:

RB skal greiða sekt að fjárhæð kr. 75.000 til KSÍ.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]